Freyja Bergsveinsdóttir
Gunnlaugur SE Briem

# 4A Ítalíuskrift



# Litlu stafirnir skiptast eftir ættarsvip

Þeir sem hafa skyld form eru í sömu fjölskyldu.
Hér sést hvernig dregið er til þeirra, hvernig þeir líta út ótengdir og tengdir.



| | | |
|---|---|---|
| a-fjölskyldan | adgquy | adgquy |
| b-fjölskyldan | bpþnmhkr | bpþnmhkr |
| o-fjölskyldan | ocðeæts | ocðeæts |
| l-fjölskyldan | lijf | lijf |
| x-fjölskyldan | xvwz | xvwz |

**Ítalíuskrift 4A**
ISBN: 978-9979-0-1664-9

© 2013 Freyja Bergsveinsdóttir og Gunnlaugur SE Briem
© 2013 Umbrot og teikningar: Freyja Bergsveinsdóttir og Gunnlaugur SE Briem

1. útgáfa 2013
Námsgagnastofnun
Kópavogi

Ritstjóri: Harpa Pálmadóttir

Öll réttindi áskilin.

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – Umhverfisvottuð prentsmiðja
Pappír: Munken Pure 240 g/m² og Munken Premium Cream 13 115 g/m²
Letur: BriemAnvil, BriemHandwriting og Italiuskrift05

# Skýringar með bók

Ítarlegri kennsluleiðbeiningar eru á vef Námsgagnastofnunar: **<vefir.nams.is/italiuskrift>**



**Vinstri og hægri hönd**
Bókin er ætluð örvhentum og rétthentum. Skýringarmyndir eru því ýmist af vinstri eða hægri hönd. Litir á fingrum auðvelda að læra rétt grip á skriffærum.



**Skrifa**
Myndirnar tákna skriftaræfingu.



**Spora**
Myndirnar tákna sporun með fingri.



**Blýantar** eru ekki allir eins. Þeir mjúku eru bestir: **HB, 2B eða 4B.**



**Gripgúmmí** á blýantinum er gagnlegt við að temja sér rétt grip.




**Hjálparlínur** eru gagnlegar til þess að átta sig á hlutföllum og stærð. **Línutáknin** sól, ský, flugvél, hjólaskip og kafbátur festa í minni stöðu stafanna og hæð.



**Stafaslóð** sýnir hvernig dregið er til stafs. Rauður þríhyrningur merkir byrjun. Grá punktalína sýnir slóð frá því að penna er lyft þangað til hann er settur aftur á pappírinn.




**Réttur halli, stærð og lögun**
Til þess að skrift sé áferðarfalleg þarf að gefa henni jafnan halla og jöfn stafabil. Eins þarf að gæta að réttri stærð og réttum formum.



**Upphaf**
Svartur punktur sýnir hvar byrjað er að skrifa staf.



**Skriffæri**
Best er að reyna nokkrar gerðir. Sú sama á ekki við öll börn.



**Borðrenninga** má sækja á kennsluvef eftir þörfum. Gott að hafa alltaf einn í sjónmáli þegar verið er að skrifa.



**Setið rétt**
Skriftarstellingar skipta miklu máli. Framhandleggir eiga að hvíla þægilega á borðinu. Hæð á því og stólnum þurfa að vera í hæfilegu hlutfalli.



**Forskrift til viðbótar**
og ítaræfingar er hægt að nálgast á kennsluvef undir kennslugögnum og á léninu **<italiuskrift.com>**.

# *Rifjaðu upp*

Kanntu að haka? ✔ Þá geturðu gert krákustíga. Skrifaðu ofan í þá gráu.






**Undirstöðuatriði**
Stafleggir enda sjaldan á grunnlínunni. Skriftin heldur áfram upp á við til hægri. Hugsaðu þér að blýantsoddurinn sé hoppandi bolti. Þegar þú hefur skrifað staflegg nemurðu ekki staðar heldur lætur oddinn hoppa upp til hægri til þess að byrja næsta staf.








**Svona lærum við ekki ...**

Skrift er meira en teikning af kyrrstæðum ótengdum stöfum.

Lesið nánar: „**Undirstaða**“ á kennsluleiðbeiningavef: <**vefir.nams.is/italiuskrift**>

**Rétta hreyfingu temurðu þér með krákustígum.**
Með þeim æfirðu taktvissa skrift.

# Skrift
# er hreyfing



abc

**... svona förum við að.**

Við lærum skrift sem hreyfingu. Við tengjum stafi frá fyrstu byrjun. Þeir eru gerðir úr auðveldum handhreyfingum.

Skrift er dans pennans á blaðinu.

## Rifjaðu upp

Svona breytast krákustígar í letur. Skrifaðu ofan í þá gráu og stafina.

ııı uu uuu uiul



Ef þú ræður við stuttan krákustíg geturðu skrifað stafinn *u*. Nóg er að mýkja lögunina smávegis. Þú notar sömu bugðuna til þess að mynda lokadráttinn.

Ef þú getur búið til stafinn *u* úr krákustíg eru stafirnir *i* og *l* leikur einn. Á þennan hátt lærirðu stafina hvern af öðrum.



ııı uu uu uuu uiul uiul

ııı uu uu uuu uiul uiul

ııı uu uu uuu uiul uiul

ııı uu uu uuu uiul uiul

**Krákustígar eru góð undirstaða orða og setninga.**
Með því að gera eina línu af þeim geturðu auðveldlega náð aftur réttum takti í skrift sem farin er að riðlast.



# Rifjaðu upp



Með krákustígum geturðu æft jafnan takt í skriftinni.



uuu aaa ddd

yyy ggg

mm hkh

bpb prrp

ooo oco ocð

ooo eoe tss æ

lijf lií lilli

# *Rifjaðu upp stafaslóðina*

Rauður þríhyrningur sýnir hvar byrjað er. Grá punktalína sýnir slóð pennans þegar honum er lyft og byrjað aftur.

Aa Áá Dd Gg Qq Uu Úú Yy Ýý

Bb Pp Þþ Mm Nn Hh Kk Rr

Oo Cc Óó Öö Ðð Ee Éé Ææ Ss Tt

Ll Ii Íí Jj Ff

Xx Zz Vv Ww

Oo Aa 0 1 2 3 4 5 6 7 8 9

**Stafurinn O er breiðari en núll.**
Þeir eru skrifaðir með sömu hreyfingu.
**Tölur eru jafnháar og hástafir.**

 Skrifaðu ofan í orðin 

Og síðan sama texta í línuna fyrir neðan.



á i ö



á i ö

nú um mun mín minn runni



annar amma máni mær inni

ár ær ævi var vor vörur vorum

**Troðningur**
Ekki þykir smekklegt að broddar, deplar og tvídeplar séu mjög nálægt stöfum.

Þeir eiga að vera í hæfilegri fjarlægð. Þannig fegra þeir stafina og sitja á þeim eins og vel valinn hattur á höfði.



# △□○
# AHO

**Hástafir**
Í upphafi voru allir stafir stórir.

Þeir eru byggðir á einföldum frumformum: þríhyrningi, ferningi og hring. Þeir eru auðlærðir og auðlesnir en afleit undirstaða rithandar. Þess vegna þróuðust litlir stafir úr hástöfunum.



**Litla e þróaðist úr því stóra**
Vinstri hlið og botn voru skrifuð fyrst. Síðan var efri hlutinn gerður, ofan að og niður á við.

Að því loknu var haldið áfram í næsta staf.

## *Skrifaðu*

Gættu að stærð stafanna og halla.

*en er eru sem sá sú sé mér smár*

*sver sunna renna rósir axir vaxa*

*örn exi örin ómur rómur væri vá*

# Skrifaðu ofan í orðin

Og síðan sama texta í línuna fyrir neðan.



**Nytsamleg viðmiðun**
Góð hlutföll fást í tölunni 4 með því að hafa plúsmerki í huga.



**Til viðbótar**
Töluna 8 er auðveldara að skrifa ef tekið er mið af stafnum S.

gata gráta yngri ydda ytri út



brýtur prenta þýðir keppa hátt

taka södd léttur jæja oft kaffi



## Skrifaðu



Gættu að stærð stafanna og halla.



**Gagnlegir kassar**
Hallandi ferhyrningar gefast oft vel til þess að átta sig á mikilvægum smámunum.

Þeir auðvelda til dæmis að draga til stafsins A eða rata á mittið á stafnum K. Taktu eftir að efri skái stafsins K teygir sig minna til hægri en sá neðri.



Bogalínur má líka króa af með hallandi ferhyrningum og skálínum, ef á þarf að halda.

<vefir.nams.is/italiuskrift>
<italiuskrift.com>

Ársæll Binna Cecil Dagný Elín



Fúsi Guðrún Hilmar Inga Kalli

Oddur er 4 ára, Þura er 8 ára.



# Skrifaðu ofan í orðin



Og síðan sama texta í línuna fyrir neðan.

Rangt



Rétt







Frumgrip

**Pennagrip**
Mikilvægt er að halda rétt á skriffærum og ekki of fast. Þannig þreytistu síður í hendinni.

Lesið nánar um: „**Pennagrip**“ og „**Skrift með vinstri hendi**“ á kennsluleiðbeiningavef: <**vefir.nams.is/italiuskrift**>

Alda Árni Bjarni Dísa Elín Fúsi



Gulli Harpa Indriði Jakob Kata

Lára Magnús Númi Olli Ólöf



# Skrifaðu



Gættu að stærð stafanna og halla.

Rangt




Rétt




**Bil og halli**
Skrift verður ekki áferðarfalleg nema allir stafir hafi svipaðan halla og jöfn bil séu milli þeirra. Þar að auki þurfa þeir að vera í réttri stærð og réttri lögun.

Pétur Ragnar Svanur Sólborg



Tumi Unnsteinn Úlfur Valdimar

Yngvi Þórarinn Þura Ægir Örn

## Skrifaðu ofan í orðin

Og síðan sama texta í línuna fyrir neðan.

Hvað viltu verða? Þulur. Smiður.



Flugstjóri á loftbelg.



Kafari. Hjúkrunarfræðingur.

# Skrifaðu

Gættu að stærð stafanna og halla.



Slöngutemjari.

Listasaumari. Leikari. Múrari.



Rafvirki. Slökkviliðsmaður.

## Skrifaðu ofan í orðin

Og síðan sama texta í línuna fyrir neðan.

Stelpur og strákar eiga margt sameigin-

legt. Stelpur og strákar geta orðið hvað

sem þau vilja ef þau leggja sig fram.



# Skrifaðu



Hvaða starf þykir þér eftirsóknarvert og hvers vegna? Gættu að stærð stafanna og halla.



**Mjór oddur**



**Breiður oddur**



**Skrautskrift**
Ítalíuskrift getur verið mjög falleg þegar skrifað er með breiðpenna.

Pennanum er hallað eins og sýnt er á myndinni til hliðar, um það bil 45 gráður. Við það verða sumir drættir í stöfunum breiðir og aðrir grannir. Stundum er flúri og veglegum dráttum bætt við. Þegar vel tekst til verður skriftin að skreytilist.

# Kynning

Breiðpenni er penni með breiðan odd.



Rétthentir



Þú hallar pennanum um það bil 40–45° þegar þú skrifar.





Örvhentir

Sumum örvhentum finnst betra að nota skáskorinn breiðpenna.



Og sumum örvhentum finnst líka betra að snúa blaðinu á þennan hátt.



**Næsta skref**
Með ástundun og vandvirkni gerir breiðpenni Ítalíuskrift að skrautlist. Æfingin skapar meistarann.

Nafnið þitt lítur öðruvísi út þegar þú skrifar það með breiðpenna en með blýanti eða oddpenna. Það ættirðu að reyna.

Þú þarft að kunna venjulega skrift til þess að breiðpenni komi þér að gagni. Þú þarft að æfa þig.

Fyrsta skrefið í áttina að leikni er að leika sér. Sumar tilraunir takast, aðrar ekki. Mistök eru lærdómsrík. Reynslan er góður kennari.

Óli á hjóli

Þú getur æft þig á að skrifa með tveimur blýöntum, límdum saman, og litað svo milli strikanna. Þessi mynd er smækkuð. Þess vegna verður skriftin þín stærri en hún.

# Breiðpenni

Svona má líkja eftir honum með tveimur blýöntum.



**Eiginleikar breiðpennans.** Festu tvo blýanta eða tréliti tryggilega saman með límbandi. (Brjóttu upp á það í lokin. Þá er auðveldara að ná því af aftur.) Nú eru þeir orðnir að nokkurs konar breiðpenna. Reyndu að búa til krákustíga, skrifa og leika þér að þeim.





Manstu eftir þessum æfingum með penslinum? Með pensli getur þú skrifað á sama hátt og með breiðpenna.



Breiðpenna má búa til úr alls kyns efniviði, fjöður til dæmis eða reyrstaf. Þú getur meira að segja reynt að skrifa með þversniðinni gulrót ef þú skerð nokkrar blekrásir í oddinn. Dettur þér eitthvað annað í hug sem hægt er að nota?

# *Allir geta búið til breiðpenna sjálfir*

Svona er hann gerður úr stinnum pappa.



**Svona ferðu að**

Klipptu grannan renning úr pappa. Hálfur annar sentimetri er hæfileg breidd (1,5 cm). Brjóttu hann saman í miðju og festu á penna eða blýant með margvöfðu límbandi. Og brjóttu upp á það í lokin. Þá er auðveldara að ná því af. Svona penna þarf að dýfa í blekbyttu eftir nokkra drætti. Ekki er verra að þynna þekjuliti með vatni og skrifa með þeim.



# Skrifaðu ofan í stafina með breiðpennanum þínum

Eins ættirðu líka að skrifa á auð blöð til þess að kynnast honum betur.



Breiðari penni gerir feitari drætti.

Oddurinn hjá þér þarf að vera um það bil svona breiður til þess að skrifa stafi í þessari stærð.





**Stór stafur, breiður penni**
Venjuleg hlutföll fást í stafina ef hæð litlu stafanna er um fimm pennabreiddir.



Stafirnir verða grannir ef hæðin fer upp í sex pennabreiddir. Og feitir ef hæðin er bara þrjár.

# Skrifaðu ofan í orðin

Og síðan sama texta í línuna fyrir neðan.

Kristín og Pétur eru perluvinir.



Þau vinna saman við sjúkraflutninga



þrjá daga vikunnar.



# Skrifaðu sögu um vélmennin

Gættu að stærð stafanna og halla þeirra.







## Skrifaðu ofan í orðin

Og síðan sama texta í línuna fyrir neðan.




Arnbjörn kennir börnum í leikskóla



að skrifa. Lóa vinnur fimm



daga í viku á skurðgröfu.

# Skrifaðu

Gættu að stærð stafanna og halla.

Jón og Gunna starfa á sama stað. Þau

eiga auðvitað að fá sömu laun fyrir

sömu vinnu.



## Skrifaðu ofan í orðin

Og síðan sama texta í línuna fyrir neðan.



Pabbi eldar kvöldmatinn

meðan mamma gerir

við biluðu brauðristina.



# Skrifaðu sögu

Gættu að stærð stafanna og halla þeirra.



**Búðu til þitt eigið flúr hér.**

# *Flúræfingar þjálfa allan handlegginn*

Sporaðu fyrst og skrifaðu síðan þína eigin boglínu. Markmiðið er hrein, hnykkjalaus lína.





Svona er farið að.





**Annað svipmót**
Þú getur líka reynt að notað breiðpenna við þessa æfingu.
Árangurinn verður allur annar.

<vefir.nams.is/italiuskrift>
<italiuskrift.com>

# Flúræfingar þjálfa allan handlegginn

Sporaðu fyrst og skrifaðu síðan ofan í. Markmiðið er hrein, hnykkjalaus boglína.







**Annað svipmót**
Þú getur líka reynt að nota breiðpenna við þessa æfingu.
Mundu að hafa um það bil 45° halla á honum.



**Blýantur eða breiðpenni**
Ef þú vilt máttu skrifa síðustu setninguna á þessari síðu með breiðpenna. Ef þú notar filtpenna er tveggja millimetra (2 mm) oddur hentugur.




**Valkostir**
Penni sem er hæfilegur til þess að skrifa í þessa bók ætti að vera um 1,5 mm á breidd. Sá er fremur mjór svo þú mátt nota dálítið breiðari odd, eða 2 millimetra.





**Upp á kant**
Mundu að hafa um það bil 45° halla á pennaoddinum.



## Skrifaðu ofan í orðin



Og síðan sama texta í línuna fyrir neðan.

Penninn vinnur meira en sverðið.

Betri er friður en bardagi.

Betri er friður en bardagi.





**Áhöld**
Ýmissa verkfæra má grípa til í breiðpennaskrift.



**Blýantur eða breiðpenni**
Ef þú vilt máttu skrifa síðustu setninguna á þessari síðu með breiðpenna. Og þá eins og áður er filtpenni með tveggja millimetra (2 mm) oddi hentugur.

Leitarorð á vefnum fyrir skrautskrift með breiðpenna er *„Calligraphy“*.



## Skrifaðu



Gættu að stærð stafanna og halla.

Allt er vænt sem vel er grænt.

Nýir vendir sópa best.

**Nýir vendir sópa best.**



## *Skrifaðu sögu um vélmennin*

Gættu að stærð stafanna og halla þeirra.





# Skrifaðu ofan í orðin

Og síðan sama texta í línuna fyrir neðan.



Svín fór yfir Rín; kom aftur svín.

Árinni kennir illur ræðari.







Skrifaðu ofan í orðin

Og síðan sama texta í línuna fyrir neðan.

Betra er berfætt en bókar-

laus að vera. Bók

er best vina.





Aa Áá Dd Gg Qq Uu Úú Yy Ýý

Bb Pp Þþ Mm Nn Hh Kk Rr

Oo Cc Óó Öö Ðð Ee Éé Ææ Ss Tt

Ll Ii Íí Jj Ff

Xx Zz Vv Ww

Oo Aa 0 1 2 3 4 5 6 7 8 9

**Stafurinn O er breiðari en núll.**
Þeir eru skrifaðir með sömu hreyfingu.
**Tölur eru jafnháar og hástafir.**

AÁBCDÐEÉFGHIÍJKLMNOÓPQRSTUÚVWXYÝZÞÆÖ

aábcdðeéfghiíjklmnoópqrstuúvwxyýzþæö

# Ítalíuskrift

**Skriftarbók fyrir örvhenta og rétthenta**

Markmið skriftarnámsins er að nemendur þjálfist í skrift sem nýtist þeim vel í skólastarfinu og í daglegu lífi þegar fram líða stundir.

Hér er skrift kennd sem hreyfing, frá auðveldu kroti til stæðilegrar rithandar. Með ítaræfingum og stöðugu mati kennara þarf ekkert barn að heltast úr lestinni. Aðaláherslan er á skriftarhreyfingunni, litlu stöfunum og tengingum þeirra.

Ítalíuskriftin er læsileg og góð hversdagsskrift sem felur í sér ýmis tækifæri til þróunar á fallegri rithönd. Þegar skrifað er með breiðpenna getur hún verið mjög falleg og jafnvel orðið að skreytilist. Í þessari bók kynnast nemendur af eigin raun þeim tækifærum sem breiðpenni veitir þeim. Því má bæta við að skrautskrifarar hafa ítalíuskrift í meiri hávegum en nokkurn annan leturstíl.

Kennsluleiðbeiningar eru á vef Námsgagnastofnunar: **<vefir.nams.is/italiuskrift>**
og ítarefni á léninu **<italiuskrift.com>**



Námsgagnastofnun
7146
ISBN 978-9979-0-1664-9